

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. mars 2012.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um hlutaskrá og safnreikninga (111. mál).


Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að hlutaskrár fyrirtækja verði gerðar aðgengilegar öllum sem og skrár yfir eignarhluti í fyrirtækjum sem varðveittir eru á safnreikningum.

Viðskiptaráð Íslands tekur undir að auka megi gagnsæi í íslensku atvinnulífi. Hvað það varðar hefur ráðið fyrir sitt leyti lagt áherslu að fyrirtæki skili ársreikningum sínum á tilsettum tíma sem og að fyrirtæki sem teljast einingar tengdar almannahagsmunum tileinki sér ítarlega upplýsingagjöf sem kveðið er á um í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja¹. Þá eru nýlegar breytingar á lögum um hlutafélög varðandi hlutaskrár tíundaðar í áður nefndum leiðbeiningum. Þær breytingar voru gerðar til að auka gagnsæi á eignarhaldi og atkvæðisrétti hluthafa í hlutafélögum m.a. með því að „... leggja berum orðum þá skyldu á stjórnina að sjá til þess að hlutaskráin geymi á hverjum tíma réttar upplýsingar um hluthafa og hlutafjáreign þeirra og atkvæðisrétt.“²

Hvað þetta frumvarp varðar telur undirritaður rétt að skoðað verði nánar svigrúm Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins til að greina eignatengsl aðila, t.d. í gegnum safnreikninga, séu yfirleitt einhverjar takmarkanir þar á í dag. Slík úrræði, samhliða heimild stjórnvalda skv. hlutafélagalögum til að kalla eftir hlutaskráum hlutafélaga, gæti reynst afar gagnlegt til að kortleggja áhættu í hagkerfinu og röskun á samkeppni vegna of mikillar samþjöppunar eignarhalds og gæti þ.a.l. aukið skilvirkni allra aðgerða umræddra eftirlitsstofnanna. Undirritaður telur þó með öllu óþarft að FME verði gert skylt að birta þær upplýsingar sem og að hlutaskrár allra fyrirtækja verði opnar öllum sem vilja. Hlutabréfaeign er ein leið til að ávaxta fé líkt og innlánsreikningar og varla stendur til að yfirlit með eigendum allra innlánsreikninga verði gert opinbert af hálfu FME.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki óbreytt fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri

¹ Sjá á [vef Viðskiptaráðs](#)

² [Sjá 71. bingmál á 138 löggjafarþingi](#)